



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings

Á fundi velferðarráðs þann 5. október 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, afturvirkir frá 1. júní 2022, til samræmis við hækkun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292	6.119.111	407.941	509.926
2	6.474.408	8.093.017	539.534	674.418
3	7.579.800	9.474.752	631.650	789.563
4 eða fleiri	8.211.456	10.264.315	684.288	855.360

Heildaráætlun ársins 2022 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.301 m.kr. Kostnaður vegna hækkunar tekjumarka fyrir tímabilið júní til desember 2022 er metinn á bilinu 12-15 m.kr. Útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur verði innan fjárheimilda.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar tillögu um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings. Flokkur fólksins lagði til svipaða tillögu um endurskoðun reglna um sérstakan húsnæðisstuðning í borgarráði 30. júní 2022. Það vekur furðu að þegar Flokkur fólksins lagði til samskonar tillögu var kostnaðurinn metinn á 24-30 m.kr. á ári og metið sem svo að auka þyrfti fjárheimildir. Umsögn velferðarsviðs barst Flokki fólksins 14. september. Það er athyglisvert að nú aðeins 3 vikum síðar er samskonar aðgerð meirihlutans metin innan fjárheimilda. Flokkur fólksins fagnar þessari viðhorfsbreytingu hjá meirihlutunum því batnandi mönnum er best að lifa.

Tillagan er hér með send borgarráði.



Reykjavíkurborg

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytingarinnar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllt

Dís Sigurgeirsdóttir

starfandi sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings, ásamt fylgiskjöllum, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. október 2022.

**TILLAGA****Viðtakandi:** Velferðarráð**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri**Efni tillögu: *Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings***

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, afturvirkir frá 1. júní 2022, til samræmis við hækkun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292	6.119.111	407.941	509.926
2	6.474.408	8.093.017	539.534	674.418
3	7.579.800	9.474.752	631.650	789.563
4 eða fleiri	8.211.456	10.264.315	684.288	855.360

Heildaráætlun ársins 2022 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.301 m.kr. Kostnaður vegna hækkunar tekjumarka fyrir tímabilið júní til desember 2022 er metinn á bilinu 12-15 m.kr. Útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur verði innan fjárheimilda.

Greinargerð:

Þann 9. júní 2022 var gerð breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjamörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 3% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2022. Einnig var grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkuð um 10% sem skilar sér sjálfkrafa til notenda sérstaks húsnæðisstuðning vegna ákvæðis 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 3% og breytingin taki gildi þann 1. júní 2022.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 30. september 2022.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	30.9.2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Agnes S. Andrésdóttir
Verkefni/tillaga:	Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings
Þjónustubáttur:	Bundinn liður
Stofnun/kostn.st.:	F1520-26 og F1530-36
Fjárhæð:	Áætluð hækkun á árinu 2022 er 12-15 m.kr. á verðlagi ársins 2022
Annað:	Tekið verður tillit til hækkunar í áætlun 2023

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að öllum einstaklingum óháð kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga og fjölskyldur á leigumarkaði sem þurfa sérstakan stuðning vegna greiðslu húsaleigu umfram hefðbundnar húsnæðisbætur.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur áhrif á alla leigjendur sem þurfa fjárhagslega aðstoð í formi sérstaks húsnæðisstuðnings.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.